


Íþróttamiðstöðin á Þingeyri

Íþróttamiðstöðin á Þingeyri óskar eftir aukningu á opnunartíma. Íþrótt- og tómstundanefnd veitti leyfi fyrir aukinni opnun í september 2019. Einnig ber að nefna að HSV hefur sett leiki hjá deildum inna sinna vébanda um helgar á Þingeyri veturinn 2019-2020. Búið er að skrá 10 leiki í vetur ásamt því að fjölíðamót yngri iðkenda í körfubolta hafa verið á Þingeyri og nú þegar er búið að setja á eina helgi. Fjölíðamót yngri iðkenda eru sett á með rúmlega viku fyrirvara.

Í súluritinu er hægt að sjá aukningu á mætingu í september frá árinu 2017 í Íþróttamiðstöðina.



Árið 2017	959 manns
Árið 2018	982 manns
Árið 2019	1189 manns

Heildar aukning á viðskiptavinum milli 2018 og 2019 eru 207 einstaklingar. Milli kl 20:00 og 21:00 var aukningin að meðaltali um 10 viðskiptavini á dag.

Óskar Íþróttamiðstöðin eftir aukningu á eftir farandi dögum og tímum:

Dagur	Fyrri opnun		Óska opnun í vetur	Fjöldi klst
Mánudagur	08:00 – 10:00		08:00 – 10:00	
	17:00 – 20:00		17:00 – 21:00	+1 klst
Þriðjudagur	08:00 – 10:00		08:00 – 10:00	
	17:00 – 20:00		17:00 – 21:00	+1 klst

Miðvikudagur	08:00 – 10:00		08:00 – 10:00	
	17:00 – 20:00		17:00 – 21:00	+1 klst
Fimmtudagur	08:00 – 10:00		08:00 – 10:00	
	17:00 – 20:00		17:00 – 21:00	+1 klst
Föstudagur	08:00 – 10:00		08:00 – 10:00	
			17:00 – 21:00	+4 klst
Laugardagur			10:00 – 18:00	+8 klst
Sunnudagur	10:00 – 16:00		10:00 – 18:00	+2 klst
Samtals aukning				18 klst á viku
				72 klst á mán

Launakostnaður út frá aukningu á opnum:

Starfsmaður 1: 12 tímar aukalega í mánuði =


12 tímar í 55% álag + 0,42 í kaffitímayfirvinnu = 19.172 – Heildarlaunakostnaður = 23.694

Starfsmaður 2: Tímavinnumaður og fær því bara dag- eða yfirvinnu =

22 tímar á mánuði í hreina yfirvinnu = 83.568 – Heildarlaunakostnaður = 103.023

38 tímar á mánuði í yfirvinnu = 144.344 – Heildarlaunakostnaður = 177.949

Tjaldsvæðið er en í notkun. Þann 10. október var búið að rukka fyrir 30 gistinætur. Morgun- og kvöldvaktir ná inn aðgangseyri með því að setja rukkun á bílana og hafði lenging á opnunartíma á föstudögum og laugardögum í september þar mikið að segja. Brúttó innkoma í september 2019 eru 609.000.- krónur.



Árið 2017	274 gistinætur
Árið 2018	235 gistinætur
Árið 2019	321 gistinótt

Íþrótt- og tómstundaráð leggur til eftirfarandi tíma til samþykktar:

Mánudaga – fimmtudaga um 1 klukkustund milli kl 20:00 – 21:00.

Laugardaga bæta við 8 klukkustundum frá kl 10:00 – 16:00.

Samtals er þetta aukning um 12 klukkustundir á viku, 48 klukkutíma á mánuði.

Aukning á launakostnaði út frá aukningu á opnunartíma:

Starfsmaður 1

10 tímar í 55% álag + 0,42 í kaffitímayfirvinnu, heildarlaunakostnaður = 20.127.- á viku

Greitt sem álag = 80.508.- á mánuði

Starfsmaður 2

38 tímar á mánuði í yfirvinnu = 144.344 – Heildarlaunakostnaður = 177.949 á mánuði

Starfsmenn eru þegar í starfi við íþróttamiðstöðina og eru tilbúnir að bæta við sig vinnu.

Samtals aukning á launakostnaði á mánuði:

258.457.-

Staða á einingu 30.september 2019

Hreyfing 35.003.933.-

Áætlun tímabils 44.923.215.-

Mismunur +9.919.282.-